

Rannsóknarferð á Strandir árið 1983

Á öðrum stað hér í blaðinu er sagt frá rannsóknum á heysjúkdómum á Íslandi um síðustu aldamót. Þegar búið var að greina helstu orsakavalda þessara sjúkdóma í heyinu var komið að því að rannsaka útbreiðslu þeirra hjá fjölskyldum bænda. Okkur var kunnugt um að bændur undir Eyjafjöllum og í Mýrdal þurrkuðu megnið af heyforðanum þótt úrkoma væri þar mikil, en bændur á Ströndum hirtu mest allt sitt hey í vothey þótt þar væri minnsta úrkoma á landinu. Það þótti áhugavert að bera saman þessa ólíku heyskaphætti til að sjá hvort þeir hefðu áhrif á algengi heysjúkdómanna.

Það var ákveðið að við Tryggvi Ásmundsson lungnalæknir færum norður á Strandir til að heimsækja bændur. Við höfðum búið til nokkuð ítarlega spurningalista sem lagðir skyldu fyrir alla þátttakendur, og svo átti að gera húðpróf á þeim sem höfðu einhver einkenni sem gátu bent til ofnæmis, og einnig skyldi dregið úr þeim blóð.

Við Tryggvi hugðumst fara norður þegar við yllum sem minnstu ónæði fyrir bændur og völdum tímann kringum 20. september, þegar heyskap og garðyrkjustörfum væri lokið, en réttir ekki hafnar. Ég hafði dálitlar áhyggjur af farartæki til fararinnar, en Tryggvi fullvissaði mig um að það væri alger óþarfi, hann hefði góðan bíl sem kæmist hvert sem væri, jafnvel þótt vegir væru illfærir af aurbleytu eða snjókomu. Hann sótti mig á bílnum á umsömdum degi. Ég sá þá að farartækið var Lada Sport og lét í ljós efasemdir um ágæti þess, en Tryggvi fullyrta glaðbeittur að rússneska stálið myndi ekki bregðast okkur. Ferðinni var fyrst heitið til Hólmavíkur og ég man ekki til þess að neitt markvert gerðist á leiðinni. Ég man þó að Tryggvi trúði mér fyrir því að ef

okkur yrði boðinn siginn fiskur í matinn í þessari ferð yrðum við að afþakka það staðfastlega því hann væri næstum það eina sem hann gæti ekki hugsað sér að borða. Mér þótti þetta slæmt, því fátt lætur mér betur í munni en sjósiginn fiskur með góðum vestfirskum hnoðmör.

Það var meiningin að gista fyrstu næturnar á Hótel Hólmavík og hafa aðstöðu í heilsugæslunni. Voru bændur og þeirra fólk kallað þangað. Við höfðum gert lista yfir alla sem átti að kalla í rannsóknina og brugðust Strandamenn svo vel við að aðeins þrír létu sig vanta af þeim sem til náðist. Þegar við höfðum lokið við að rannsaka fólk á syðri hluta svæðisins höfðum við móttöku í samkomuhúsinu á Drangsnesi fyrir þá sem bjuggu norðanvert við Steingrímsfjörð. Þar voru húðprófin gerð upp á sviði meðan aðrir svörðuðu spurningalistum niðri í salnum, og þótti fólkinu þetta dágóð tilbreyting frá hversdagsleika daganna. Frá Bjarnarfirði og norður úr var ákveðið að heimsækja hvern bæ og gista í skólahúsinu á Finnbogastöðum.

Það var nokkuð seint um kvöldið, á leiðinni þangað, að við fengum beiðni um að koma í vitjun. Þegar hér var komið sögu vissu sjálfsagt allir í sýslunni um ferðir okkar, og þegar bóndi nokkur veiktist með köldu, háum hita og andþyngslum þótti bera vel í veiði að tveir sérfræðingar að sunnan skyldu vera á svæðinu. Þetta var ungur maður og hraustlegur að sjá en mjög heitur, rjóður í andliti og átti erfitt með sig vegna hósta. Við höfðum verið svo fyrirhyggjusamir að hafa með okkur læknaötösku. Þegar við höfðum lokið skoðuninni vorum við sammála um að hann væri með stóra lungnabólgu, vafalaust orsakaða af *pneumococcum*. Tryggvi hringdi í ljósmóðurina sem geymdi lyfja-

Davíð Gíslason
Ofnæmistæknir



búr hreppsins og mælti fyrir um góðan skammt af penicillíni og parasetamol til að lækka hitann. Áður en við kvöddum horfðum við alvarlega á bóndann og sögðum að hann ætti að liggja í rúminu eina til tvær vikur. Hann mætti þó fara á klósettið og nærast í eldhúsinu. Við vildum auðvitað fylgjast með því hvernig honum heilsaðist og seinni hluta næsta dags fengum við þær fréttir að hann hefði sést uppi á heiði í morgunsárið að smala, en þá var norðan strekkingur og slydduhraglandi á heiðinni. „Hann þarf þá ekkert hitalækkandi,“ sagði Tryggvi heldur þurrlega.

Við vorum nú komnir norður í Trékyllisvík. Parna voru nokkrir bæir og greinilega myndarlegur búskapur. Okkur var sagt að skólahúsið á Finnbogastöðum stæði autt, en skólastjórinn hafði flutt til Reykjavíkur nokkrum dögum áður og biðu okkar lykjar að húsinu í Árnesi. Við fórum á þrjá eða fjóra bæi um kvöldið en fórum snemma að sofa því okkar beið ærið verkefni næsta dag.

Eftir morgunverð með jógurt, ristudu brauði og kaffi sem við útbjuggum okkur í skólaeldhúsinu lögðum við af stað.

Rétt um hádegis komum við að Krossnesi. Ég sá strax að þarna byggi myndarfólk, en það sem gladdi mig sérstaklega var að eldhúsið ilmaði yndislega af signum fiski og annarri lykt sem ég gat ekki komið fyrir mig en vakti forvitni mína. Ég þóttist viss um að okkur yrði boðið í matinn og vonaði að okkur yrði ekki kynntur matseðillinn fyrr en við værum sestir að borðum. En þar varð mér ekki að ósk minni. Hjónin buðu okkur að borða, en sögðust ekki hafa átt von á gestum; og þau væru bara með siginn fisk í pottinum og saltað selsspik sem viðbit. Ég vissi að best væri að segja sem minnst en Tryggvi þakkaði innilega fyrir boðið, en sagði að



Ladan góða ásamt eiginkonu og syni
Tryggva, Öglu og Ásmundi.

við værum nýbúnir að borða og gætum ómögulega bætt á okkur. Til að leggja áherslu á þessi orð sín greip hann um magann og beygði sig svolítið saman eins og hann væri alveg að springa. Mér þótti slæmt að missa af selspikinu, en við því var ekkert að gera.

Við lukum erindum okkar í Krossnesi og þótt ég væri verulega pirraður út í Tryggva þótti mér honum takast vel upp að skrökva að blessuðum hjónunum. Þessi dagur var mjög annasamur en sem betur fer fengum við kaffi og gott meðlæti í Munaðarnesi. Þegar leið undir kvöldið var ég orðinn bæði svangur og argur, en Tryggvi reyndi þó að hafa mig góðan með því að lofa virkilega góðri máltíð, sem hann skyldi elda handa okkur um kvöldið.

Þegar við höfðum lokið síðustu heim-sókninni og komum aftur að Finnboga-stöðum var orðið aldimmt úti. Tryggvi fór ofan í mal sinn og dró fram niðursuðudós sem hann hampaði glaður í hendi sér: „Það gerist varla mikið betra,“ sagði hann. Ég fór að trúá því að hann væri með franska gæsalífur eða styrjuhrogn í dósinni, en þetta reyndust vera Ora fiskibollur. Mér finnst margt gott sem kemur úr niðursuðu Ora, en fiskibollurnar þeirra eru nærri því í sama flokki hjá mér og siginn fiskur hjá Tryggva. Ég var hins vegar mjög svangur og lét gott heita. Tryggvi opnaði dósina en hugðist hafa eldamennskuna einfalda því hann kom dósinni fyrir á eldavélinni, en hún var

gömul Rafha vél sem mundi fífil sinn fegurri. Brátt heyrðist krauma í dósinni, og svo slokknuðu ljósin. Það var eins og bolludósinn væri að hefna sín á mér fyrir ómerkilegar hugsanir í sinn garð. Við vissum ekki af neinu ljósmeti í húsinu og enn síður hvar rafmagnstaflan var. Það var því ekkert annað fyrir okkur að gera en að fálma okkur áfram inn í svefnalinn þar sem við létum fyrir berast þar til birti af næsta degi.

Eftir mjög kaldan morgunverð lögðum við af stað til Reykjavíkur. Þar sem jippinn streðaði fretandi upp á Veiðileysuhálsinn trúði Tryggvi mér fyrir því að hann væri búinn að heita tvisvar á Strandarkirkju til að halda honum gangandi. Segir nú ekki af ferð okkar fyrr en komið var í Hvalfjörðinn um kvöldið. Við ókum út með firðinum að sunnanverðu og við okkur blasti undurfagurt sólarlag með roðaskýjum upp á miðjan himininn. En nú virtist rússneska stálið vilja njóta fegurðarinnar dálítið lengur, því allt í einu fór vélin að hökta og stöðvaðist svo alveg. Það var sama hvaða brögðum Tryggvi beitti til að koma henni í gang. „Ég held að þú þurfir að heita á Strandarkirkju,“ sagði ég, kannski með svolitla meinfýsni í röddinni. Tryggvi lét ekki segja sér það tvisvar, og ég sá að hann bærði varirnar. Ég þykist ekki trúá á hindurvitni og ekki veit ég hvaða sambönd Tryggvi hefur, en nú gerðist mikið undur. Skyndilega kom glansfínn fólksbíll þjótandi og snarstans-

aði beint fyrir framan okkur, og svo nærri að varla var gengt á milli bílanna. Út stukku tveir menn og sóttu þrífót aftur í bílinn og stóra myndavél og fóru að mynda sólarlagið í gríð og erg. Við stauluðumst út og spurðum hvort þeir gætu gefið okkur rafmagn. Ekki málið, var svarið og meðan annar hélt áfram að mynda kom hinn með rafkapla og var strax búinn tengja milli bílanna, og vélin í Löðunni fór að snúast vinalega undir húddinu. Við Tryggvi náðum ekki að þakka þessum ágætu mönnum fyrir hjálpina því glæsikerran var horfin í sömu átt og hún kom áður en við vissum af. Eftir þetta var heimferðin tíðindalaus.